



## Skýrsla Fjárhagsnefndar LH

Fyrir nefndinni lágu engar beinar tillögur frá þinginu, en fyrir lá að nefndin ræddi og ályktaði um fyrirbyggjandi fjárhagsáætlanir fyrir starfsárin 2012, 2013 og 2014.

Til fundar við nefndina mætti Sigrún Þórðardóttir, gjaldkeri LH og leitaði nefndin skýringa á nokkrum tekju- og útgjaldaliðum í ársreikningum árána 2010 og 2011. Fjárhagsnefnd ræddi nokkuð um ársreikningana og þau frávík sem þar er að finna á milli ára og má þar nefna að undir liðnum annar kostnaður, eru frávík vegna kaffi og fundarkostnaðar, kostnaður vegna þings og funda, ferðakostnaður vegna stjórnar og nefnda og kostnaður vegna Skógarhóla, svo dæmi séu nefnd. Gjaldkeri gaf greinagóðar skýringar á þessum frávikum. Fjárhagsnefnd vill beina þeim tilmælum til stjórnar LH að skoðað verði með það ákvæði í þingsköpum (1. grein, liður 1.4) að atkvæðagreiðsla um reikninga fari fram strax að loknum umræðum um skýrslu stjórnar. Nefndinni finnst eðlilegt að ársreikningum sé vísað til Fjárhagsnefndar þingsins, til umræðu og álistgjafar áður en þeir eru bornir upp til afgreiðslu þingsins.

Fjárhagsnefnd fór yfir fjárhagsáætlanir árána 2012 – 2014, sem gjaldkeri hafði mælt fyrir á þinginu. Nefndin telur að um raunhæfar áætlanir sé að ræða og metnaðarfullar, þar sem gert er ráð fyrir rekstrarafgangi á öllum starfsárunum, allt að 10% af heildartekjum. Gjaldkeri skýrði þær sveiflur sem fram koma í rekstraráætlunum á milli ára, sem skýrast m.a. af mismunandi mótahaldi eftir árum. Nefndin leggur því til við þingið að fjárhagsáætlanir árána 2012 – 2014 verði samþykktar.

Fram kom ábending um að á síðasta LH-þingi hefði Fjárhagsnefnd beint þeim tilmælum til stjórnar LH að í framsetningu ársreikninga væri fjárhagsáætlunum viðkomandi ára stillt upp í ársreikningum til samanburðar við endanlega niðurstöðu. Fjárhagsnefndin vill því ítreka þessi tilmæli frá síðasta þingi og felur gjaldkera að koma þeim skilaboðum til þeirra er vinna uppstillingu ársreikninganna.

Nefndarmenn ræddu nokkuð um aldursskiptingu á gjaldskyldum félagsmönnum, þ.e. þann skatt sem félögin greiða til LH fyrir félagsmenn 16-69 ára, sem er í dag kr. 1.500,-. Nefndin vill fela stjórn LH að skoða með þá aldursskiptingu sem almennt er í gildi innan ÍSÍ og hvort miða eigi við aldursmark ungmennaflokks (18 ára), þar sem mörg félög virðast ganga út frá þeim aldursmörkum í sinni innheimtu á félagsgjöldum.

Í nefndinni spannst töluverð umræða um Skógarhóla, í framhaldi af þeirri staðreynd að í ársreikningum LH eru sýnileg nokkur útgjöld vegna reksturs Skógarhóla, um 970 þúsund árið 2010 og um 300 þúsund á árinu 2011, en reglulegar tekjur af rekstrinum engar, einungis 500 þúsund í styrk árið 2010. Haraldur Þórarinsson, formaður LH var fenginn á fund nefndarinnar og skýrði hann nefndarmönnum frá gangi mála. Fram kom í máli Haraldar að nýting okkar hestamanna á svæðinu er einungis um 30% og þá mest í tengslum við sleppitúra á vorin og eitthvað lítilsháttar yfir hásumarið. Stjórn LH hefur verið í viðræðum við m.a. Þingvallanefnd og Ferðafélag Íslands um framtíðarskipan mála á Skógarhólum. Fjárhagsnefnd þakkaði Haraldi fyrir greinagóða lýsingu á stöðu mála og skýrslu staðarhaldara fyrir árið 2012, sem formaðurinn lagði fram til kynningar fyrir nefndina. Nefndin er sammála um mikilvægi þess fyrir hestamenn í landinu að LH haldi í Skógarhóla, þar sem þar er í húfi mikilvæg þjóðleið fyrir hestamenn sem leið eiga milli landshluta og þau forréttindi sem fylgja aðgangi að þjóðgarðinum. Nefndin beinir þó þeim tilmælum til stjórnar LH að mikilvægt sé að leita þeirra leiða og þess samstarfs sem geti gert rekstur svæðisins sjálfbært og þannig að hægt sé að standa



undir nauðsynlegu viðhaldi og nýframkvæmdum sem kröfur nútímans kalla á, án þess að það sé fjárhagslegur baggi á Landsambandi hestamanna.

Að lokum vill Fjárhagsnefndin koma þeim tilmælum á framfæri við stjórn LH að skoðað verði rækilega hvort ekki sé tilvalið að um leið og formannafundir eru haldnir, annað hvert ár, þá séu gjaldkerar hestamannafélaganna í landinu einnig kallaðir saman til fundar á vegum LH, til að fara yfir fjárhagsmál félaganna og um leið sambandsins sjálfs. Nefndin er einróma um það að í félagsstarfi hestamannafélaganna er góð regla á fjármálum félaganna undirstaðan undir blómlegu og framsæknu starfi félaganna.

Í Fjárhagsnefnd sátu:

Stefán Logi Haraldsson, form.  
Steinunn Anna Halldórsdóttir  
Valka Jónsdóttir  
Ólafur Þórisson  
Bára Másdóttir  
Ylfa Proppé Einarsdóttir  
Arnar Már Gíslason  
Sigrún Þórðardóttir, gjaldkeri LH